

# HVAÐ ER KADECO OG HVAD HEFUR GERST?

- KADECO stendur fyrir **Keflavik Airport Development Company**.
- Stofnað 2006 í kjölfar **brothvarfs bandaríska varnarliðsins**.
- **Tók við eignum** sem síðan þá **hafa verið seldar** út úr félaginu.
- Heldur enn á **landi ríkisins** í kringum Keflavíkurflugvöll og rekur lóðaleigusamninga.
- Nýtt hlutverk 2019: **stefna og framtíðarsýn** fyrir nágrenni Keflavíkurflugvallar.
- **Þróunaráætlun** mun ramma **skipulag, markaðssetningu og samstarf** um þróun lykilsvæða.
- Blásið til **tveggja þrepa skipulagssamkeppni** á evrópska efnahagssvæðinu 2021



# TEYMIÐ

KCAP

wsp

**felixx** LANDSCAPE  
ARCHITECTS  
& PLANNERS

MIC  HUB

**vsó** RÁÐGJÖF



**Buck  
Consultants  
International**

**BURO HAPPOLD**

**Base**


**Maurits  
Schaafsma**

**KANON**  
ARKITEKTAR



## KJARNI ÞRÓUNARÁÆTLUNAR

- Beina uppbyggingu á færri en stærri þróunarsvæði.
- Stefna að ríkulegum en ólíkum innbyrðis tilgangi þróunarsvæða.
- Tengja svæðin saman með vandaðri landslagsmótun og grænum tengingum.
- Það sem eftir stendur er samhangandi eyjaklasi sem vinnur saman sem ein heild.
- Í miðjunni er Keflavíkurlflugvöllur, hjarta atvinnulífs á svæðinu.
- Þetta er kjarninn í K64




# SÝN K64 TIL 2050



Áherslusvæðin eru:

- Ásbrú
- „Gáttin til landsins“
- Aðalgata
- Helguvík/Bergvík

# SJÖ STEFNUMIÐ (STRATEGÍUR) ÞRÓUNARÁÆTLUNARINNAR




## KJARNI SAMGÖNGUSTEFNU K64

Við ætlum okkur að skapa skilvirkt almennings-samgöngukerfi á svæðinu og hágæða tengingu milli flugvallarins, byggðalaganna á svæðinu og höfuðborgarsvæðisins. Kerfið noti endurnýjanlega orkugjafa.

Við ætlum að búa til heildstætt stígakerfi sem uppfyllir samgönguþörf fyrir virka ferðamáta á svæðinu, og skilvirkt kerfi gatna sem vinnur með þessu.

Grunnur stefnunnar er skalanleiki, snjallvæðing, sjálfbærni og að allir hópar þjóðfélagsins geti verið virkir notendur. Að bæta úr upplifun komufarþega úr flugi til Keflavíkurflugvallar er mikilvægt.






## ALMENNINGSAMGÖNGUR – ÞRJÚ AÐALATRIÐI

- Að bjóða upp á góðar almenningsamgöngur á nærsvæði Keflavíkurflugvallar (milli flugvallarins og allra byggðalaga á Suðurnesjum) með góðri tíðni, þegar eftirspurn er til staðar og að þær séu aðgengilegar öllum notendahópum.
- Að koma á laggirnar hágæða-tengingu milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins sem býr til alveg nýja upplifun fyrir komufarþega úr flugi og nýtist jafnframt íbúum og starfandi í nágrenni flugvallarins.
- Að tengja þetta tvennt saman þannig að það vinni saman sem ein heild og sé auðvelt og þægilegt í notkun.



## HÁGÆÐA TENGING – KRL: KEF RVK LINK

- Markmiðið með KRL er að koma á laggirnar beinni og þægilegri tengingu milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins og lágmarka sem frekast er unnt ferðatímann á milli. Notendaupplifunin verði sem best er á kosið, nútímaleg og þægileg.
- Til að það takist verði KRL að virka meira í líkingu við lest: geta ekið óhindrað að mestu milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins og verið ferð sem býður upp á sambærileg þægindi og lestarferð.
- Þetta kallar á að KRL aki í sérrými að hluta til eða öllu leyti, að notast sé við vagna sem líkist meira lestum í notendaupplifun og að miðasölukerfi sé samræmt milli mismunandi almenningsgöngukerfa, þ.e. milli KRL og svæðisbundinna strætóleiða.
- Tíðni og opnunartími þurfa að taka mið af þörfum flugfarþega auk þeirra sem búa og starfa, einkum við Keflavíkurflugvöll.



KEF -REYKJAVÍK HIGH  
QUALITY TRANSIT


## LEGA KRL – VESTARI HLUTI

KRL muni, til framtíðar, liggja samsíða Reykjanesbrautinni með lykilstoppum á leiðinni þar sem verða tengingar við svæðisbundnar almenningssamgöngur. Reynt verði að stytta leiðina eins og kostur er, einkum þegar nær dregur Flugstöð Leif Eiríkssonar og þar verði vönduð endastöð þétt við flugstöðina.





## LEGA KRL – AUSTARI HLUTI

Þegar komið er inn á höfuðborgarsvæðið þarf að meta hvort sé betra: að KRL aki eftir Reykjanesbraut að nýrri samgöngumiðstöð í Vogabyggð eða eftir sérrými Borgarlínunnar að BSÍ sé það metið gerlegt og fýsilegt.



# HELSTU EIGINLEIKAR OG NOTENDAUPPLIFUN

- Endastöðvar verði ætíð mjög nærri eða inni í endanlegum áfangastöðum, þ.e. flugstöð og samgöngumiðstöð.
- Vandað til merkinga og mögulegir viðskiptavinir „leiddir“ inn í KRL með skiltum og öðrum aðferðum (wayfinding).
- Hindranalaus aðgengi verði af biðstöðvum inn í vagna.
- Hægt verði að greiða fyrir farið á biðstöðum eða með appi.
- Sætafjöldi uppfylli ætíð eftirspurn og boðið verði upp á rekka fyrir farangur inni í farþegarýminu.
- Boðið verði upp á „park & ride“ aðstöðu á lykil-stoppistöðvum bæði nærri Keflavíkurflugvelli og á höfuðborgarsvæðinu.
- Wifi um borð og önnur þægindi.



# VAGNAR KRL

- Vagnarnir verði knúnir vistvænum orkugjafa: vetni, metani, rafmagni eða öðru.
- Vagnarnir verði hálf-sjálfakandi eða jafnvel alsjálfakandi til framtíðar til að auka þægindi auk annars.
  - Kallar á leiðara í götukanti, annað hvort fýsískan leiðara fyrir sk. kerb guided tækni eða þráðlaust.
- Þurfa að geta ekið á 80-90 km hraða.
  - Til að það sé hægt þarf líklega beltaskyldu í vögnunum og óheimilt verður að standa í vögnunum.
- Rými verði fyrir farangursrekka. Gæti þurft að takmarka fjölda ferðataska per farþega.
- Þetta kallar á vagna með góða rýmd, líklega liðvagna 18-24 m langa.
- Kallar líklega á sérframleiðslu þar sem vagnar sem þessir eru ekki hilluvara eins og staðan er í dag.



# AKSTURSTÍMI, TÍÐNI OG ANNAÐ

- Horft til þess að vagnar aki frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar á 30 mínútna fresti að lágmarki.
  - Kallar á fjóra vagnar, og a.m.k. einn aukalega til að geta skipt út þegar ráðast þarf í viðhald.
- Tveir ferðatímar:
  - Almennt KRL sem stoppar á öllum skilgreindum stoppistöðvum
  - KRL Xpress: stoppar einungis á stærri stoppum með P&R
- Ferðatími hefur verið áætlaður þannig:
  - KRL: 46 mínútur frá KEF til BSÍ (51 mín. í gegnum Vogabyggð)
  - KRL-Xpress: 41 mínútur frá KEF til BSÍ



# METNAÐUR Í HÖNNUN

- Almennt stefnt að miklum metnaði í hönnun stoppistöðva.
- Dæmi frá samgöngumiðstöð við Aðalgötu í Reykjanesbæ – sjá mynd til hliðar.





